

Skólaráð Lundarskóla 2017 – 2018

1. fundur 29.9.17 kl.13:10

Mættir:

Skólastjóri: Elías Gunnar Þorbjörnsson

Fulltrúar kennara: Þröstur Már Pálmason og Jón Aðalsteinn Brynjólfsson

Fulltrúi starfsfólks: Valgerður Davíðsdóttir

Fulltrúar nemenda: Óðinn Andrason og Alexander Örn Hlynsson

Fulltrúar Foreldra: Helga Jónasdóttir (boðaði forföll) og Vilborg Hjörný Ívarsdóttir

Fulltrúi grendarsamfélags: Martha Laxdal

1. Fundaáætlun skólaráðs 2017

Ákveðið að fundir skólaráðs verði að jafnaði síðasta föstudag í mánuði kl. 13:10 en með nokkrum unddantekningum:

29.9.17

20.10.17 vegna þess að 27.10.17 er haustfrí

24.11.17

15.12.17 vegna þess að 29.12.17 er jólafrí

26.1.18

23.2.18

23.3.18 vegna þess að 30.3.18 er páskafrí

27.4.18

25.5.18 Síðasti fundur fyrir sumarfrí

2. Hádegismatur

Rætt um að hádegismatur hafi ekki verið nógu góður í upphafi skólaárs. Elías segir frá því að matráður skólans hafi brotið rifbein og hafi verið frá vinnu í 5 vikur vegna þess. Annað starfsfólk í eldhúsi hafi eftir bestu getu teki við þessu en í einhver skipti var maturinn ekki nógu góður. Við vonumst þó til þess að þetta sé komið í lag þar sem að matráður mætti til starfa á þriðjudaginn í þessari viku. Þetta getur þó oft verið snúið þegar verið er að gefa 500 nemendum og starfsfólki að borða. Ræða þarf við nemendur um að þau mega fara inn í röðina á eftir þriðja manni. Ræða krydd og að það sé í

boði. Skólastjórnendur ræða við matráð um umhvertanir er hafa borist varðandi eldhúsið.

3. Skólalóð Lundarskóla

Elías segir frá því að nú sé unnið að gerð körfuboltavallar á skólalóðinni. Völlurinn verður í fullri stærð og verða 6 körfur á vellinum. Hann verður upphitaður og með sérstöku „körfuboltagólfi“.

Skólaráð fagnar þessari framkvæmd þar sem að þessi hluti skólalóðarinnar var ekki boðlegur eftir að skúrarnir voru fjarlægðir fyrir nokkrum árum síðan.

4. Chromebook væðing

Elías segir frá því að búi sé að panta 86 Dell Chromebook fartölvur fyrir nemendur í 7. og 8. bekk. Tölvurnar verða merktar nemendum og er 1 vél á hvern nemanda í 7. og 8. bekk.

8. bekkur fékk „sínar“ vélar afhentar í síðustu viku og koma vélarnar fyrir 7. bekk um miðjan október. Kennarar í þessum teymum eru mjög jákvæðir og spenntir að byrja að nýta tækina og aðlaga kennsluhætti að nýrri tækni. Hugmyndin er svo að tækin fylgi nemendum þar til þau klára 10. bekk. Ef þessi tilraun tekst vel þá eru allar líkur á því að vélar verði keyptar fyrir 6. bekk jafnvel snemma á næsta ári.

5. Fjárhagsstaða

Þessum lið var frestað til næsta fundar sem verður 20.10.2017 kl.13:10

6. Önnur mál

Villa spyr um einkunnir og hvernig við erum að gefa fyrir. Verið er að gefa fyrir með bókstöfum A-D.

Fundi slitið kl. 14:09

Ritari: Elías Gunnar Þorbjörnsson